

## ✉ Re: Ósk um umsögn - breyting á aðalskipulagi Suðurfjörur - Sveitarfélaginu Hornafirði

Búið til	28.1.2022 13:22:37
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	28.1.2022 13:22:36
Tilheyrir	📁 202112-0034 - Breyting á aðalskipulagi Suðurfjörur - Sveitarfélaginu Hornafirði

### Efni

Re: Ósk um umsögn - breyting á aðalskipulagi Suðurfjörur - Sveitarfélaginu Hornafirði

### Upplýsingar

Sent	28.1.2022 13:22:36	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Pátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	skipulag@hornafjordur.is

### Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

-----

Tilvísun í mál nr. 202112-0034 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar, dags. 14. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á aðalskipulagi 2012-2030 á Suðurfjörum.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytingarinnar í Suðurfjörum þann 25. maí 2021. Í þeirri umsögn var m.a. bent á að nákvæm staðsetning fyrirhugaðrar efnistöku lá ekki fyrir og ekki var fjallað um aðkomuveg eða hvernig hann yrði skilgreindur. Þá var bent á verndargildi svæðisins sem er innan stærra svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að verði á B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða á landi, fjöruvistgerða og búsvæða fugla og sela. Einnig var bent á mikilvægi þess að framkvæmdir raski ekki varplöndum fugla og valdi ekki ónæði fyrir landseli sem eru algengir á Suðurfjörum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagstillöguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Brugðist hefur verið við flestum athugasemdum Náttúrufræðistofnunar sem komu fram í umsögn um skipulagslýsingu. Staðsetning áætlaðs efnistökusvæði er sýnd á skipulagsupprætti. Þá er fjallað um náttúrufar svæðisins og verndargildi þess í samræmi við ábendingar Náttúrufræðistofnunar. Fram kemur að til stendur að nota vegslóðann sem liggur meðfram Hólmsá fyrir aðkomuveg. Þá kemur fram varnargarðar meðfram Hólmsá verði ástandsmetnir og brugðist við rofáhrifum vegna aukinnar umferðar. Ekki er þó gert greint fyrir veginum á skipulagsupprætti né fjallað um hvort þörf sé á að styrkja veginn frekar. Eins og bent var á í umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsinguna er líklegt að allar aðgerðir við að styrkja vegslóðann muni valda raski og ásynðaráhrifum og eðlilegt hefði verið að fjalla betur um þennan þátt t.d. í umhverfisskýrslu skipulagsbreytingarinnar.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að áhrif efnistökkunnar á jarðmyndanir, gróður og dýralíf, ásynnd og landslag séu metin óveruleg. Náttúrufræðistofnun getur tekið undir þessa niðurstöðu þar sem um frekar litla efnistöku er að ræða, hún fer fram á lítt grónu landi og ef farið er varlega ætti ekki að valda of miklu ónæði á dýralífi, enda áhrifsvæðið fremur lítið en Suðurfjörur víðfeðmar. Þar sem um svæði sem lítið er raskað er

að ræða er mikilvægt að forðast sé allt óparfa jarðrask og að frágangur og umgengi sé til fyrirmyndar. Um tilraunaverkefni er að ræða og óvíst hversu lengi verður sótt efni í efnistökusvæðið. Mikilvægt er að standa við markmið aðalskipulagstillögunnar um að ganga frá svæðinu og laga það að aðliggjandi landi ef til þess kemur að efnistöku verði hætt.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum eins og við á.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

**From:** "Skipulag" <[skipulag@hornafjordur.is](mailto:skipulag@hornafjordur.is)>

**To:** "Skipulagsstofnun - SLS" <[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)>; "Umhverfisstofnun" <[ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)>; "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>; "Vegagerðin - VG" <[Vegagerdin@vegagerdin.is](mailto:Vegagerdin@vegagerdin.is)>; "postur@minjastofnun.is" <[postur@minjastofnun.is](mailto:postur@minjastofnun.is)>; "Heilbrigðiseftirlit Austurlands" <[haust@haust.is](mailto:haust@haust.is)>; "Land.is - LAND" <[land@land.is](mailto:land@land.is)>; "Ríkiseignir - FSRE" <[rikiseignir@fsre.is](mailto:rikiseignir@fsre.is)>

**CC:** "Sveinn Sveinsson - VG" <[sveinn.sveinsson@vegagerdin.is](mailto:sveinn.sveinsson@vegagerdin.is)>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <[erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is](mailto:erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is)>; "Puríður Elísa Harðardóttir" <[thuridur@minjastofnun.is](mailto:thuridur@minjastofnun.is)>; "Dávíð Arnar Stefánsson - LAND" <[david.arnar.stefansson@landgraedslan.is](mailto:david.arnar.stefansson@landgraedslan.is)>

**Subject:** Ósk um umsögn - breyting á aðalskipulagi Suðurfjörur - Sveitarfélaginu Hornafirði

**Date:** 14.12.2021 16:34:18

#### Ósk um umsögn vegna Breytingar á aðalskipulagi fyrir efnistöku á Suðurfjörum

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar auglýsir meðfylgjandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi 2012-2030 á Suðurfjörum samkvæmt 1. mgr. 36. gr. og 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið með breytingunni er að taka allt að 2000 m<sup>3</sup> af efni af Suðurfjörum til rannsóknar á fýsileika fyrir efnistöku af svæðinu.

Þess er óskað að umsögn berist eigi síðar en 30. janúar 2022. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á netfangið [skipulag@hornafjordur.is](mailto:skipulag@hornafjordur.is) (<mailto:skipulag@hornafjordur.is>).

Kveðja

**Brynja Dögg Ingólfssdóttir**

Umhverfis- og skipulagsstjóri

Sveitarfélagið Hornafjörður

470 8000



*samvinna – heiðarleiki – metnaður*

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur, ásamt viðhengi, gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál og eru eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á. Efni hans og innihald er á ábyrgð þess starfsmanns sem sendir hann ef það tengist ekki starfsemi Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 5. Mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar.

Please note that this e-mail and its attachments is intended for the exclusive use of the person or entity to which it is addressed. Any review, disclosure, dissemination or other use of, or taking of any action in reliance upon, this information by others than the intended recipient is prohibited by law. If you are not the intended recipient, please notify the sender and delete the message.

## Viðhengi

image001.png (3 KB)

image002.png (5 KB)